

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Deiliskipulagsbreyting vegna skipulags Bakkahlíðar í Ölfusi, landnúmer 233300.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarráð Sveitarfélagsins Ölfuss 20. júlí 2023, breytingu á deiliskipulagi fyrir landið Bakkahlíð í Ölfusi sem áður hét Bakki 2. Breytingin markar lóð með byggingarreit fyrir frístundahús, gestahús og geymslu innan nýju lóðarinnar.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 7. september 2023.

Gunnlaugur Jónasson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 8. nóvember 2023